

1871.

24. janúar.

hafið þér, sökum þess að hætt er við, að jarðirnar gjörsamlega leggist í eyði, ef ekki verður hlaupið undir bagga með landsetunum á þenna hátt, samkvæmt tillögum umboðsmannsins, stungið uppá, að auk þeirrar linunar, sem veitt er tæðum landsetum frá fardögum 1869 til fardaga 1871, verði Hreiðari Bjarnasyni á Hátúni gefið upp það, sem eptir stendur af landskuld hans fyrir fardaga-árið, sem nú er, en hinum veitt sú lækkun á afgjaldinu, sem hér skal greina:

1. Sigurði Sigurðssyni á Dalbæ 7 áln.,

2. Jóni Jónssyni á Uppsölum 10 áln. og

3. Ólafi Ólafssyni í Fagurhlíð 6 áln.;

er hver alin, eins og landskuldin sjálf, af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum er hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt hefir verið um.

27. janúar.

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austur- amtsins, um vegagjald.¹

Í skjali nokkru, sem hingað hefir borizt, hafa hreppstjórnarnir, sem þá voru, í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu, Þorsteinn Jónasson

¹) Sama dag var stiptamtmaninum yfir Íslandi skrifað svo látandi bréf:

„Með bréfi 4. oktbr. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað álit, er sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þorsteinn kansalliráð Jónsen, hefir látið uppi samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 8. ágúst f. á., um kæruskjal frá hreppstjóranum í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu yfir því, að fyrrum amtmaður í norður- og austurum-dæminu, Havstein, hafi skipað, að taka skyldi með fjárnámi hjá þeim það, sem tæður hreppur hafði gildið til þjóðvega 1866 og árin næst á eptir, en þeir höfðu varið þessu fé með leyfi Þorsteins kansalliráðs Jónsens til þess að gjöra brú á aukavegi í tæðum

1871.

27. janúar.

og Sveinn Sveinsson sókt um, að það yrði numið úr gildi, að fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu, Havstein, hafði skipað að taka lögtaki hjá þeim fê, sem varið hafði verið til vegabóta í hreppnum, og hafa þeir í þessu efni borið fyrir sig, að vorið 1866 hafi þeir, eptir boði sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Þorsteins Jóhnsens, kanselliráðs, séð um, að gjörð væri brú yfir Gljúfurá, sem rennur um þann veg í hreppnum, sem mestar eru umferðir um, og að þeir hafi fengið leyfi Þorsteins Jóhnsens kanselliráðs til þess að borga kostnaðinn við brúargjörðina, er var 140 rd., með því gjaldi til þjóðvega, sem hreppurinn átti að greiða á manntalsþingi 1866 og árin næst á eptir; hafi amtmaður Havstein þá árið 1868, þá er hreppstjórnir voru búnir að fá kostnaðinn endurgoldinn af vegagjaldinu, mótmælt því, að gjaldi til þjóðvega væri varið á þessa leið, og er hreppstjórnir vildu ekki með góðu borga aptur vegagjaldið, skipaði amtmaður, að taka það hjá þeim með fjárnámi.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álit Havsteins amtmanns um málið, og Þorsteins kanselliráðs Jóhnsens frá stiptamtinu, gefst amtinu til vitundar, til leiðbeiningar, og svo það verði auglýst, að þótt ekki geti leikið neinn efi á, samkvæmt því, sem fram er komið, að með réttu hefði átt að greiða kostnaðinn við brúargjörðina eins og fyrir er mælt í tilsk. um vegina á Íslandi 15. marz 1861, 19. gr. sbr. 21. gr., og að það hafi verið rangt, að

hreppi. Af álitsskjali Þorsteins sýslumanns sést það, að hann minnir, að hann hafi leyft að gjöra brúna fyrir þjóðvegagjaldið, og þykist hann hafa haft nægilega heimild til þessa í því, sem fyrir er mælt í tilsk. um vegina á Íslandi 19. marz 1861, 19. gr.

Útaf þessu mælumst vér til, að þér, herra stiptamtmaður, tilkynnið Þorsteini Jóhnsen kanselliráði, að það sé með öllu misskilningur á þessari ákvörðun í vegatilskipuninni, að hann hafi haldið, að sýslumennirnir hafi heimild til að hafa þjóðvegagjaldið til vegabóta á aukavegum, en þessi misskilningur er þeim mun eptirtakanlegri, sem hann í álitsskjali sínu byggir á því, að amtmaður einn samkvæmt vegatilskipuninni hafi ráð yfir þjóðvegagjaldinu, og að hann þannig hafi farið fram úr því, sem hann hafði vald til, þá er hann sem sýslumaður í Þingeyjarsýslu gaf hreppstjórnunum þetta leyfi.

1871.

27. janúar.

verja gjaldi hreppsins til þjóðvega í amtinu á þessa leið, hefir stjórnarráðinu samt — eptir atvikum og einkum vegna þess, að það er sannað, að hreppstjórnir hafi fengið leyfi hjá yfirvaldi sínu, sem þá var, Þorsteini kansallíráði Jóhnsen, til þess að verja þjóðvegagjaldinu, eins og sagt er —, fundizt ástæða til að nema úr gildi fjárnámsboðið með því skilyrði, að hreppstjórnir leggi fram kvittun fyrir kostnaðinum við brúargjörðina, og borgi aptur þann mun, sem kann að vera á kostnaðinum og því, sem þeir í raun og veru hafa tekið við í vegagjald, og skal það einnig eptir atvikum leyft, að Grytubakkahreppur, sem í raun rættir er skyldugur til að borga aptur til þjóðvegagjaldsins kostnaðinn við tæða brúargjörð, verði laus allra mála, ef hann borgar aptur helminginn af kostnaðinum.

31. janúar.

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.¹

Um leið og þér, herra stiptamtadur, með bréfi, dagsettu 28. nóvbrm. f. á., hafið sent hingað skýrslu sýslumannsins á Vestmannaeyjum um það, sem framkvæmt hefir verið með þeim 500 rd., sem veittir voru með fjárhagslögum fyrir fjárhagsárið, sem nú er, 20. gr. VI. A. 3, til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, hafið þér stungið uppá, samkvæmt bænarskrá tæðs sýslumanns, að 20 rd., sem ætlast má til að verði eptir af þessari fjárveiting, verði veittir honum sem þóknun fyrir umsjón hans við starfið, og hafið þér getið þess, að bæði mundi það hafa orðið kostnaðarsamara, að taka til þessa sérstakan umsjónarmann, enda hafi umsjón sýslumanns gjört það að verkum, að erfið hefir tekizt svo vel.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 47, sbr. 16. bréf á eptir.